

Leiðbeiningar um uppsetningu Profi JA-63

(ATH! Þetta eru "hraðleiðbeiningar" lesið samt leiðbeiningabæklingana)

Festið upp stjórnstöð, lyklaborði og öllum skynjurum **ÁN ÞESS AÐ TENGJA RAFMAGN EÐA RAFHLÖÐUR.**

Setjið upp lyklaborð samkvæmt leiðbeiningarblaði. (**Blað 3**)

Þegar það er búið er **P** á skjánum.

Tenging skynjara við stjórnstöð, **P þarf að vera á skjá lyklaborðs:**

Ýtið á 1 (Stjórnstöð fer þá á fyrstu lausu rás fyrir skynjara)

1 er á skjá sem merkir að rás 1 er tilbúin að taka við skynjara.

Setjið rafhlöðu í skynjara 1.

Píp heyrir og 2 birtast á skjá, sem merkir að rás tvö er laus og tilbúin fyrir næsta skynjara.

Setjið rafhlöðu í næsta skynjara, bíðið eftir að 3 birtast á skjá og farið eins að með alla skynjara.

Þegar stjórnstöð hefur tengt öllum skynjurum ýtið þá á **N** og birtist þá **P** á skjá.

Innsetning símanúmera: **P þarf að vera á skjá lyklaborðs:**

Innsetning símanúmera fyrir raddskilaboð: Sjá kafla 12.1

Innsetning símanúmera fyrir raddskilaboð

7 xx.... xx F y

þar er xx...xx = símanúmer

y = minnisnúmer frá 1 til 4

Dæmi: Ef þitt símanúmer er 999 9999 og á að vera númer 1 í hringiröðinni þá skal gera **79999999F1** og P birtist á skjá. Næsta númer er þá eins nema F2 eftir símanúmeri og svo framvegis. Hægt er að setja inn 4 símanúmer.

Lesið inn raddskilaboð: **P þarf að vera á skjá lyklaborðs:**

Upptaka raddskilaboða Sjá kafla 12.2

Það er möguleiki á að skipta skilaboðum í **tvö aðskild skilaboð** Upptaka skilaboða:

a) **sláið inn 85** á lyklaborðinu

b) **ýtið á og haldið inni hnappi** á X einingu **Merkt Rofi á blaði 3**

c) **talið** í átt að einingunni (hámark 10 sek.) **Merkt Hljóðnemi á blaði 3**

d) **sleppið hnappnum**, skilaboðin spilast til baka

Þetta er upptaka skilaboða nr. 1. **Fyrir skilaboð 2 sláið inn 86** (liður a)

Ef kosið er að taka upp aðeins ein og lengri skilaboð (20 sek.), takið upp með því að slá inn 84 í lið a)

Með forritun er hægt að ákveða hvaða viðvaranir gangsetja sendingu skilaboða, t.d. hvort er um að ræða innbrotsviðvörðun eða reyk/gasviðvörðun

Dæmi: Skilaboð 1 eru innbrotsviðvörðun og skilaboð 2 eru reykviðvörðun. **Sjá kafla 12.3**

P þarf að vera á skjá lyklaborðs

Skilaboð 1 = 921 (Þegar kerfið hringir út les það skilaboð 1 innbrotsviðvörðun)

Skilaboð 2 = 932 (Þegar kerfið hringir út les það skilaboð 2 Reyk/gas viðvörðun)

Lokið stjórnstöðinn, þarf ekkert að gera þar frekar.

Stilling nýs þjónustukóða kafla 10.32

Þjónustukóðann er hægt að nota til að komast í forritunarham. Nýjan þjónustukóða þarf að innrita tvisvar í röð til að koma í veg fyrir villur.

Til að breyta þarf að gera eftirfarandi **P þarf að vera á skjá lyklaborðs**

5 nSC nSC

þar sem nSC er nýji þjónustukóðinn (4 stafir)

Dæmi: til að breyta kóða í 1276 skal slá inn: 5 1276 1276

Sjálfgildi verksmiðju á þjónustukóða er : 6060 (F06060 til að komast í forritunarham)

Innibjalla tengd stjórnstöð:

P þarf að vera á skjá lyklaborðs

Haldið inni rauða hnappnum á bjöllumni meðan hún er sett í samband og sleppið ekki fyrr en píp heyrir og rauði hnappurinn blikkar.

Sláðu inn 299 á lyklaborði, píp heyrir þegar stjórnstöð hefur tengst bjöllumni.

Ýtið á rauða hnappinn sem þá hættir að blikka.

Ýtið á **N** til að komast úr forritunarham.

Nú er búið að setja upp alla skynjara, innibjöllur, lesa raddskilaboð, skilgreina hvaða skilaboð á að lesa hverju sinni, setja inn símanúmer og breyta þjónustukóða.

Ef þarf að bæta við skynjurum eða forrita frekar **lesið þá leiðbeiningar fyrir uppsetningu**

Í notendahandbókinni eru leiðbeiningar um allt sem viðkemur notkun kerfisins svo sem breyting aðalkóða sem er 1234 (til að slökkva á kerfinu) Breyttu í þinn kóða.

Innsetningu nýrra notendakóða, stillingu klukku, breytingu símanúmera og fl.

Lesið leiðbeiningarnar, þær eru til að læra á kerfið þannig að auðveldara sé að nýta sér til fulls alla möguleika sem í boði eru.

Jablotron Profi JA-63

Leiðbeiningar til að tengja þráðlaust lykklaborð við stjórnstöð.

Eftir að búið er að festa upp stjórnstöð.

1. Tengid rafhlöðu, rauðan vír á + (rautt) og svartan vír á – (svart)
2. Setjid straum á stjórnstöð
3. Setjid “jumper” (lítið svart tengistykki) á RÉTTA pinna (Reset pinnar) í stjórnstöð.
4. Setjid rafhlöður í lykklaborð. Pip heyrir og **c2** birtist á skjá lykklaborðs.
5. Takið “jumper” úr stjórnstöð aftur og geymið á öruggum stað.
6. Ýtið á N á lykklaborði. **P** birtist á skjá og kerfið er tilbúið til forritunar.

